

## Mál nr. 6

### Íþróttafélagið Þróttur, knattspyrnudeild gegn Knattspyrnubandalagi Suðurfjarðar

#### *Kæra Þróttar N.*

Kæra vegna leiks í 3. fl. kv. 7 F þann 03.07.2001 á Fáskrúðsfjarðarvelli milli Þróttar N. og KBS. Kærði notaði leikmann sem skráður er í annað félag en hann spilaði með í umræddum leik. Þetta kemur skýrt fram í gögnum frá KSÍ (fylgiskjal 1.) sem eru meðfylgjandi kæru þessari. Telma Ýr Unnsteinsdóttir kt. 261186-3499 er skráð í Austra samkvæmt gögnum KSÍ. Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 1.2 grein sem fjallar um hlutgengi var umræddur leikmaður ólöglegur. Þessu til rökstuðnings er reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna 3. grein sem fjallar um félagaskipti innanlands. Umræddur leikmaður var búinn að leika með öðru félagi á almanaksárinu (fylgiskjal 2) og hafði skipt yfir í það félag eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum.

#### **Dómskröfur kæranda**

Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógild og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 0–3. Kærandi byggir kröfur sína á grein 4.3 um ólöglega skipað lið í reglugerð KSÍ.

#### **Gögn kæranda**

Meðfylgjandi gögn með kæru þessari eru félagaskiptagögn KSÍ (fylgiskjal 1) sem hægt er að nálgast á heimasíðu sambandsins. Einnig er meðfylgjandi leikskýrsla (fylgiskjal 2) frá leik sem sá leikmaður sem um ræðir spilaði í. Í þeim leik spilaði umræddur leikmaður með bandalagi (KVA) þess félags sem hann er skráður í samkvæmt meðfylgjandi gögnum KSÍ.

#### **Vitni kæranda**

Mörg vitni urðu að umræddum leik. Þau vitni sem kærandi mun kalla til skýrslutöku eru Dagmar H. Traustadóttir kt: 100270-4209 og Guðný Eggertsdóttir kt. 220964-3299.

#### **Úrskurður Knattspyrnudómstóls KSÍ**

Ár 2001, fimmtudaginn 12. júlí er dómþing í Knattspyrnudómstóls KSÍ sett og háð af Halldóri Halldórssyni að Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki. Fyrir er tekið mál nr. 5/2001 Þróttur Neskaupstað gegn Knattspyrnubandalagi Suðurfjarða.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur:

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 4. júlí sl. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í Dómstól KSÍ þann 5. júlí sl. Í málinu voru lögð fram eftirtalin skjöl: Nr. 1 kæra dagsett 4. júlí 2001. Nr. 2 ljósrit af félagaskiptalista. Nr. 3 leikskýrsla leiks KVA og Hugins/Hattar. Nr. 4 símbréf dómsins til kærða.

#### **Dómkröfur kæranda**

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Íþróttafélagsins Þróttar og Knattspyrnubandalags Suðurfjarða í 3 flokki kvenna, sjö manna liðum, í F riðli sem fram fór 3. júlí 2001 verði dæmd ógild og kæranda dæmdur sigur í leiknum 3-0.

Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar um knattspyrnumót greina 1.2 og 4.3 og telur að leikmaður kærða, Thelma Ýr Unnsteinsdóttir hafi verið óhlutgeng með liði kærða í þessum umrædda leik.

#### **Kærði hefur ekki látið málið til sín taka**

Dómari málsins ákvað að láta það sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Kærða var með símbréfi 6. júlí gefinn frestur til kl. 14:00 í gær til að tjá sig um málið en það hefur hann ekki gert.

### **Niðurstaða**

Að framan er rakið að kærði hefur ekki látið málið til sín taka og er því rétt að líta svo á að hann telji fullyrðingar kæranda þess efnis að Thelma Ýr Unnsteinsdóttir hafi leikið umræddan leik séu réttar. Í þessu máli er ekki unnt að styðjast við leikskýrslu því þær eru ekki gerðar í leikjum liða skipuðum 7 leikmönnum. Af gögnum málsins verður ráðið að Thelma Ýr skipti úr Leikni Fáskrúðsfirði í Austra 26. júní sl. og lék með því liði í 1. deild kvenna B riðli þann sama dag. Samkvæmt framanrituðu var Thelma Ýr ekki hlutgeng með KBS í nefndum leik samkvæmt ákvæðum greinar 1.2 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Samkvæmt ákvæðum greinar 4.3 í sömu reglugerð skal dæma leikinn tapaðan kærða með markatölunni 0-3. Verða kröfur kæranda því teknar til greina. Kærði skal með vísan til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót greinar 4.4.3 greiða sekt til KSÍ sem þykir hæfilega ákveðin 5.000 krónur.

Halldór Halldórsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð**

Knattspyrnubandalag Suðurfjarða telst hafa tapað leik gegn Íþróttafélaginu Þrótti í 3. flokki kvenna F riðli 7 manna liða sem fram fór 3. júlí 2001 með markatölunni 0-3.

Knattspyrnusamband Suðurfjarða greiði 5.000 króna sekt til KSÍ.

Halldór Halldórsson